

til laga um löggilding verzlunarstaða.

Frá löggildingarnefndinni.

1. gr.

Eftirfylgjandi staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

1. Hvalneskrókur í Austur-Skaftafellssýslu.
2. Herdisarvík í Árnessýslu.
3. Kviabryggja undir Stöð á Snæfellsnesi.
4. Gunnarsstaðaey í Hvammsfirði, Dalasýslu.
5. Hjálmarsvík í Þistilfirði, Norður-Þingeyjarsýslu.
6. Hámundarstaðir við Nýpsfjörð í Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlun-
arlóðarinnar á hverjum staðnum um sig, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905
og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.